

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1113/2002**2005/EES/27/37**

frá 26. júní 2002

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1788/2001 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd ákvæðanna er varða skoðunarvottorð vegna innflutnings frá þriðju löndum skv. 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2002 ⁽²⁾, einkum b-lið 3. mgr. og 4. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1788/2001 ⁽³⁾ er tekið upp nýtt skoðunarvottorð fyrir innfluttar vörur, sem kemur í stað vottorðsins sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3457/92 ⁽⁴⁾, og gert ráð fyrir að nýja vottorðið verði tekið í notkun frá og með 1. júlí 2002 að því er varðar vörur sem fluttar eru inn samkvæmt aðferðinni sem kveðið er á um í 1. og 6. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.
- 2) Við undirbúning fyrir 1. júlí 2002 hafa nokkur aðildarríki þó átt við tæknilega erfiðleika og vafaatriði að etja varðandi framkvæmd á reglugerð (EB) nr. 1788/2001. Með tilliti til gagnsæis og til að komast hjá ruglingi verður að leysa þessi vandamál áður en nýja vottorðið er tekið í notkun.

3) Af þeim sökum er ráðlegt að fresta því að nýja vottorðið, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1788/2001, verði tekið í notkun.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1788/2001 er breytt sem hér segir:

1. Í 8. gr. komi „1. nóvember 2002“ í stað „1. júlí 2002“.
2. Í 9. gr. komi „1. nóvember 2002“ í stað „1. júlí 2002“.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júní 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 168, 27.6.2002, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2003 frá 11. júlí 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 23.10.2003, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 75, 16.3.2002, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 243, 13.9.2001, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 350, 1.12.1992, bls. 56.